

## Svar

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn frá Guðbjarti Hannessyni um aðlögun að Evrópusambandinu.

1. *Hvaða breytingar sem orðið hafa á lögum á málefnasviði ráðuneytisins eða á stofnunum þess frá 2009 má rekja til aðlögunar að Evrópusambandinu?*

Vísað er til svars við 3. tölul. fyrirspurnarinnar.

2. *Hvaða breytingar voru eingöngu vegna aðildarumsóknar og viðræðna við ESB?*

Engar breytingar voru eingöngu vegna aðildarumsóknar og viðræðna við ESB, sjá þó svar við b-lið 3. tölul. fyrirspurnarinnar.

3. *Hvaða breytingar urðu á sama tíma fyrst og fremst vegna aðildar Íslands að EES?*

Á framangreindu tímabili hefur Alþingi samþykkt lög á málefnasviði mennta- og menningarmálaráðuneytis sem m.a. voru sett til að uppfylla ákvæði laga nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið. Um er að ræða eftirtalin lög:

- a. Lög nr. 26/2010, um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi, sem fela í sér innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB frá 7. september 2005 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi, eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2007, sem birt var 10. apríl 2008 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 19/2008.
- b. Lög nr. 38/211, um fjölmiðla, sem m.a. leiddu í lög ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/ 65/EB frá 11. desember 2007 um breytingu á tilskipun ráðsins 89/552/EBE um samræmingu tiltekinnna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um sjónvarpsrekstur. Með lögum nr. 54/2013 voru gerðar nokkrar breytingar á lögum nr. 38/2011. Annars vegar leiðréttingar og lagfæringar, m.a. vegna ábendinga frá ESA og frá framkvæmdastjórn ESB og hins vegar nýr kafli um eignarhald á fjölmiðlum. Ábendingar framkvæmdastjórnar ESB stóðu í tengslum við aðildarviðræðurnar en sneru að túlkun og innleiðingu á tilteknum ákvæðum í framangreindum tilskipunum.
- c. Lög nr. 57/2011, um skil menningarverðmæta til annarra landa. Lögin voru sett til þess að viðhalda í innlendum rétti ákvæðum tilskipunar ráðsins 93/7/EBE frá 15. mars 1993, um skil menningarminja sem hafa verið fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis, sem upphaflega var leidd í lög með lögum nr. 60/1996. Með lögum nr. 172/2011 var gildistöku laganna frestað um eitt ár, þ.e. til ársbyrjunar 2013.
- d. Lög nr. 23/2013, um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu. Rekja má nokkur ákvæði laganna til ákvæða í tilskipun 2010/13/EB, sem leidd var í lög hér á landi með fjölmiðlalögum, nr. 38/2011, í EES-samningnum, sbr. lög nr. 2/1993, einkum 2. mgr. 59. gr. um undanþágur frá almennum ríkisstyrkjareglum. Þá var tekið mið af leiðbeinandi reglum ESA um ríkisstyrki til útvarpsþjónustu í almannabágu og um viðskiptaboð. Umrædd ákvæði laganna eru 3. gr., um fjölmiðlaþjónustu í almannabágu, 4. gr., um stofnun

dótturfélaga sem lið í fjárhagslegum aðskilnaði í rekstri, sbr. 5. gr., 6. gr., um textun og táknmálstúlkun, 7. gr., um viðskiptaboð, 15. gr., um eftirlit og mat, og 16. gr., um mat á nýrri fjölmiðlaþjónustu í almannapágu.

- e. Lög nr. 93/2010, um breyting á höfundalögum, nr. 73/1972. Í lögunum var tekið mið af tilskipun ESB á sviði höfundaréttar, sem ekki fellur undir EES-samninginn, sbr. lög nr. 2/1993, en var að mati stjórnvalda hér á landi og í Noregi þess eðlis að rétt væri að fylgja fordæmi annarra ríkja Norðurlanda um innleiðingu hennar.